



Vélstjóri / 7233.01

# STARFSLÝSING

**Yfirmaður** Bæjarverkstjóri  
**Stofnun / deild** Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð

## 1. Meginviðfangsefni

- Eftirlit og umsjón með dráttarbátum og ábyrgð á að báturinn sé ávallt tilbúinn til notkunar þegar þörf krefur.
- Vinnur að verkefnum framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar, hafnarvörslu og annarra verkefna.

## 2. Helstu verkefni

- Vélstjórn á dráttarbáti.
- Þjónusta við viðskiptavinum hafnar s.s. binda og losa skip við komur og brottfarir, afgreiðsla vatns, og rafmagns, sorphirða frá skipum, vigtun o.fl.
- Viðhald, hreinsun og snyrting hafnarbakka og annarra hafnarmannvirkja.
- Snjó- og hálkueyðing af hafnarbökkum, bryggjuköntum, pollum og bílvog.
- Þrif í starfsstöð og ábyrgð á að umhverfi sé snyrtilegt og vel um gengið. Tækjum, bílum og verkfærum skal raða skipulega upp.
- Eftirlit og umsjón með skipakomum, vöruflutningum og öðru því sem um höfnina fer, skráning þeirra og afla í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.
- Stjórn á umferð skipa um höfnina og ákvörðun um legustað þeirra, færsla innan hafnar.
- Aðgangsstýring að hafnarsvæðinu og útgáfa aðgangskorta í samráði við yfirmann.
- Tilkynnir til bæjarverkstjóra um bilanir og slit til undirbúnings viðhaldi.
- Viðhald öryggisbúnaðar hafnarinnar.
- Daglegt viðhald tækja, vinnuvéla og bíla í tækjamiðstöð
- Viðhaldsverkefni á gatnakerfi og mannvirkjum sveitarfélagsins.
- Vinnur almenna verkamannavinnu eftir þörfum og ákvörðun yfirmanns
- Viðhaldsverkefni tækjamiðstöðvar.

### 2.1 Fjármál

- Staðfesting útgjalda á kostnaðarstöðum sem hann ber ábyrgð á og eftirlit með framvindu fjárhagsáætlunar.
- Reikningsfærsla fyrir skipagjöldum, vörugjöldum, þjónustu hafnarinnar og annað sem tilheyrir reikningagerð.

### 2.2 Samskipti

- Við aðra starfsmenn þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.
- Við viðskiptavinum þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.

### 2.3 Önnur verkefni

- Tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.



### 3. Hæfis- og samstarfsmarkmið

#### 3.1 Menntun og reynsla

- Vélstjórnarréttindi.(réttindi C)
- Hafngæslumannsréttindi í hafnarvernd.(æskilegt)
- Vigtarréttindi.(æskilegt)
- Bílpróf.

#### 3.2 Hæfnisþættir

- Góð íslensku kunnátta.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.
- Færni í að eiga gott samstarf við stjórnendur og samstarfsmenn.

Skírteini til staðfestingar prófum og réttindum, auk sakavottorðs skal fylgja umsókn.

Fjarðabyggð 1. mars 2019

---

Vélstjóri

---

Yfirmaður